

Sveitarstjórnarfundur 28. desember 2022

Miðvikudaginn 28. desember 2022 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 9. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Ingólfur Árni Haraldsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða og tekur fyrir rekstur á Pottunum á Drangnesi.

Dagskrá 9. fundar:

1. Fundargerð 8. sveitarstjórnarfundar 14.12.2022
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Hækkun útsvarsálagningar
5. Rekstur á Pottunum á Drangnesi

Fundargerð:

1. Fundargerð 8. sveitarstjórnarfundar 14.12.2022.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrir fundir

- a. Fundargerð 141. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 15.12.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 916. fundur stjórnar, 14.12.2022

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Hækkun útsvarsálagningar

Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16.12.2022 varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Hækkun útsvarsálagningar lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að hækka álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 um 0,22% og verði 14,74%.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Rekstur á Pottunum á Drangsnesi

Hreppnum barst beiðni frá Verslunarfélagi Drangsness ehf. um leigu á rekstri Pottanna á Drangsnesi í þrjú ár.

Formaður stjórnar Verslunarfélagsins gerir grein fyrir beiðni félagsins.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Verslunarfélagsins.

Oddvita falið að hefja samningsviðræður með vilja sveitarstjórnar til hliðsjónar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 20:20